

18. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 10. desember 2008 kl. 10:30. Mættir: Ari Teitsson, Þorsteinn Tómasson, Stefán Kalmansson, Emma Eyþórsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Haraldur Benediktsson og Jón Torfi Jónasson boða forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 17. fundar, samþykkt samhljóða að teknu tilliti til athugasemda.
2. Þróun mála frá síðasta fundi ráðsins. ÁS fór yfir þau mál sem efst hafa verið á baugi í starfi LbhÍ síðustu mánuði, rannsóknnum, kennslu og rekstri. Fram kom m.a. að unnið hefur verið að stefnumótun fyrir skólann eins og fram kemur síðar á fundinum. Skólinn hefur hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á fræðasviðum sínum í kjölfar úttektar sérfræðingahóps. Fram kom einnig að vísindafólk við skólann hefur náð mjög góðum árangri við að afla styrkja úr samkeppnisjóðum. Mikið hefur verið um viðhald og framkvæmdir á starfsstöðvum skólans á árinu, að stærstum hluta á vegum Fasteigna ríkissjóðs.
3. Fjármál. ÞTJ fór yfir rekstrarstöðu LbhÍ og helstu atriði í rekstraráætlun ársins 2009. Verulegur halli er á rekstri ársins 2008, almennt virðist viðurkennt af hálfu Menntamálaráðuneytis og þeirra þingmanna sem málið hefur verið kynnt að fjárveiting til skólans sé ekki í samræmi við umsvif hans. Mmrn hefur gert tillögu til fjármálaráðuneytis um að fjárlagaramminn verði aukinn um 140 mkr. á næsta ári en sú tillaga hefur amk ekki enn skilað sér inn í það frumvarp til fjárlaga sem liggur fyrir alþingi.
4. Stefnumörkun LbhÍ 2009 – 2013. ÁS lagði fram og kynnti drög að innleiðingaráætlun og kynnti jafnframt mælanleg markmið. Stefnumótunin felur í sér yfirmarkmið fjögurra efnisþátta, þ.e. á sviði i) rannsókna og nýsköpunar, ii) kennslu, iii) samfélags og alþjóðatengsla og iv) skipulags og starfsumhverfis. Í umræðum kom fram að nýjustu atburðir í efnahagslífinu komi til með að hafa áhrif á framtíðina og þar með áherslur í stefnumótun. Fundarmenn lýstu að öðru leyti ánægju sinni með stefnumörkunina og samþykktu hana fyrir sitt leyti.
5. Önnur mál. Rætt um stöðu hagfræðipækkingar innan LbhÍ og að æskilegt sé að skólinn sé meira leiðandi í þjóðfélagsumræðu á sínu fagsviði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00